

Framtal vegna jöfnunargjalds alþjónustu 2011

Framtalið berist	Kennitala
	Sveitarfélag lögheimilis

Nafn - pósthfang	Öllum aðilum sem höfðu með höndum starfsemi sem gjaldskyld er til jöfnunargjalds alþjónustu á árinu 2010, skv. lögum nr. 81/2003 með síðari breytingum, ber að skila þessu framtali. Skilafrestur er hinn sami og skilafrestur skattframtals.
------------------	--

Gjaldstofn jöfnunargjalds alþjónustu

Stofn til álagningar er rekstrartekjur sem aðili hefur af gjaldskyldri starfsemi hér á landi árið 2010 skv. 22. gr. laga nr. 81/2003.

Heildartekjur ársins (einnig velta undanþegin virðisaukaskatti)	
Bókfærð velta af starfrækslu almenns fjarskiptanets og/eða talsímabjónustu	

Athugasemdir framteljanda

Úr lögum um fjarskipti nr. 81/2003:

22. gr. Jöfnunargjald.

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0,10% af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra. Verði útgjöld hærrí en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærrí en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja í jöfnunarsjóð og greinargerð um þann ávinning sem stofnunin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft.

Samgönguráðherra setur í reglugerð um alþjónustu nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptabjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptabjónustu og um útreikning rekstrartaps.

Undirritaður staðfestir að framtal þetta er gert eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.

Dagsetning

Undirskrift